

Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Skagafirði 2021.

1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Skagafirði skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 128-1 skv. samningum Öldunnar/Kjalar frá 1. janúar 2019 með 8% persónuálagi, 13,04 % orlofi og 25% launatengdum gjöldum, **samtals 3.144 kr.**

2.gr

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en óskertan ellilífeyri/örorkulífeyri frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka, þ.e. **333.258 kr.** (einstaklingur með heimilisuppbót, framfærsluviðmið).
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **499.887 kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun ríkisins.
8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.
9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

3. gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngri og skal draga upphæð barnalíeyris frá Tryggingastofnun ríkisins (1.1.2021) **35.565 kr.** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

Tekjumörk og gjaldflokkar:

Gjaldskrá heimaþjónustu 2021					
	Viðmið kr. 3.144	Tekjur undir: gjaldfrí	Tekjur undir: greiðir 1/3 gjald	Tekjur undir: greiði 1/2 gjald	Tekjur yfir: greiði fullt gjald
Fjölsk. gerð	Einstaklingur	333.258 kr.	499.887 kr.	583.202 kr.	583.202 kr.
	Hjón/samb, fólk	499.887 kr.	749.831 kr.	874.802 kr.	874.802 kr.
Gjald	Einstaklingur	0 kr.	1.048 kr.	1.572 kr.	3.144 kr.
	Hjón/samb, fólk	0 kr.	1.048 kr.	1.572 kr.	3.144 kr.
	tekjur á ári - einst	3.999.096 kr.	5.998.644 kr.	6.998.418 kr.	6.998.418 kr.
	tekjur á ári hjón	5.998.644 kr.	8.997.966 kr.	10.497.627 kr.	10.497.627 kr.